

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4499, og Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950, gera með sér svohljóðandi

## SAMKOMULAG

### um breytingu á staðarmörkum Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 hafa Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit orðið sammála um eftirfarandi breytingu á staðarmörkum sveitarfélaganna.

Mörk Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar skulu framvegis vera í samræmi við eftirfarandi lýsingu á línunum milli eftirfarandi hnitpunkta (Hnitakerfi: ISN93 Lambert kortavörpun EPSG:3057, viðmiðunarmælikvarði: 1:20.000):

#### HNITPUNKTAR

NR	Heimild og aðferð	Kennileiti	Austur [m]	Norður[m]	Nákvæmni [m]
AK1	ÞL Skjal <sup>1</sup>	Við ós Leynislækjar	352884	426915	5
AK2	ÞL Skjal <sup>1</sup>	S. Horn á Ásfellstúni	352929	426789	5
AK3	ÞL Skjal <sup>1</sup>	S. Horn við Traðarbakka	353296	427176	5
AK4	ÞL Skjal <sup>1</sup>	SA.horn á Fögrubrekku	353522	426996	5
AK5	ÞL Skjal <sup>1</sup>	NA. horn á Fögrubrekku	354157	427799	5
AK6	ÞL Skjal <sup>1</sup>	NV. horn á Fögrubrekku	353919	427994	5
AK7	ÞL Skjal <sup>1</sup>	N. Horn Lönguása	354670	428833	5
AK8	ÞL Skjal <sup>1</sup>	SA. Horn Garðasels	354895	428834	5
AK9	ÞL Skjal <sup>1</sup>	Berjadalsá 1	355128	428966	5
AK10	ÞL Skjal <sup>1</sup>	Merkisásar	355417	429180	5
AK11	Myndkort <sup>(2, 6)</sup>	Girðing 1	356159	428885	2
AK17	Myndkort <sup>(2, 6)</sup>	Lína ofan skógræktar	356480	429482	2
AK15	Myndkort <sup>(3, 7)</sup>	Grjótkelduskurður 2	355165	430278	2
AK16	Myndkort <sup>(3, 7)</sup>	Grjótkelduskurður 1	354682	430181	2

Sunnan við punkt AK1 er lína dregin í sjó fram. Milli punkta AK12 og AK13 ræður Berjadalsá. Milli punkta AK15 og AK16 ræður Grjótkelduskurður. Frá punkti AK16 ræður Berjadalsá í sjó fram. Milli annarra punkta er bein lína.

Mörkin eru einnig sýnd á meðfylgjandi uppdrætti/afstöðumynd Guðmundar Þórs Valssonar mælingamanns, dags. 15. nóvember 2021. Uppdrátturinn/afstöðumyndin er hluti þessa samkomulags. Á uppdrættinum eru einnig að sýndir hnitpunktar AK12, AK13 og AK14. Þeir, ásamt AK11 og AK17, afmarka land sem Akraneskaupstaður á í Akrafjalli. Það land verður áfram hluti af Hvalfjarðasveit.

Samningsaðilar eru sammála um að fara þess góðfúslega á leit við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, með vísan til til 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011, að hann staðfesti breytingu á staðarmörkum sveitarfélaganna í samræmi við framangreint.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna og um staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Til staðfestingar framangreindu rita eftirtaldir aðilar undir samkomulag þetta.

Akranesi, \_\_\_\_\_ 2022.

**F.h. Akraneskaupstaðar,**

**F.h. Hvalfjarðarsveitar,**

\_\_\_\_\_  
Sævar Freyr Práinsson,  
bæjarstjóri.

\_\_\_\_\_  
Linda Björk Pálsdóttir,  
sveitarstjóri.

**Samþykkt af sveitarstjórn Akraneskaupstaðar  
þann \_\_\_\_\_ 2022.**

**Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar  
þann \_\_\_\_\_ 2022.**

\_\_\_\_\_  
Sævar Freyr Práinsson,  
bæjarstjóri.

\_\_\_\_\_  
Linda Björk Pálsdóttir,  
sveitarstjóri.

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, \_\_\_\_\_ 2021.**

\_\_\_\_\_  
Sigurður Ingi Jóhannsson,  
innviðaráðherra.

**Fylgiskjal:** Uppdráttur/afstöðumynd Guðmundar Þórs Valssonar mælingamanns, dags. 15. nóvember 2021.

